

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/101/EB

2007/EES/16/12

frá 3. nóvember 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 92/109/EBE um framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem notuð eru við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/109/EBE frá 14. desember 1992 um framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem notuð eru við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/8/EB⁽²⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með hliðsjón af skuldbindingum Bandalagsins samkvæmt ákvörðun ráðsins 90/611/EBE um ályktun, af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu, í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegum viðskiptum með ávana- og fíkniefni⁽³⁾, er nauðsynlegt að framfylgja ákvörðun nefndar Sameinuðu þjóðanna um ávana- og fíkniefni, sem tekin var í mars 2001, um að bæta ediksýruanhýdríði og kalíumpermanganati við töflu 1 í viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna frá 1988.
- 2) Einnig er rétt að samræma tilskipun 92/109/EBE reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3677/90 frá 13. desember 1990 um ráðstafanir til að aftra því að tiltekin efni fari í ólöglega framleiðslu ávana- og fíkniefna⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1232/2002⁽⁵⁾.
- 3) Skrá skal kalíumpermanganat sem eitt af efnunum í 2. flokki I. viðauka við tilskipun 92/109/EBE og fella það úr 3. flokki viðaukans.
- 4) Til að tryggja að viðskipti í Bandalaginu verði ekki fyrir skaðlegum áhrifum skal ákvarða viðmiðunarmörk fyrir kalíumpermanganat sem og ediksýruanhýdríð.
- 5) Breyta ber tilskipun 92/109/EBE til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3677/90.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa tilskipun kemur í stað I. og II. viðauka við tilskipun 92/109/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2003, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2004, 9. júlí 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 65, 23.12.2004, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 370, 19.12.1992, bls. 76.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 39, 9.2.2001, bls. 31.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 326, 24.11.1990, bls. 56.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 357, 20.12.1990, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 180, 10.7.2002, bls. 5.

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

Skráð efni í skilningi a-liðar 2. mgr. 1. gr.

1. FLOKKUR

| Efni | SAT-heiti (ef það er annað) | SAT-númer ⁽¹⁾ | CAS-númer ⁽²⁾ |
|----------------------------------|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| 1-Fenýl-2-própanón | Fenýlaseton | 2914 31 00 | 103-79-7 |
| N-asetýlantranílsýra | 2-Asetamíðóbensósýra | 2924 23 00 | 89-52-1 |
| Ísósafról (<i>cis + trans</i>) | | 2932 91 00 | 120-58-1 |
| 3,4-Metýlendíoxýfenýlprópan-2-ón | 1-(1,3-Bensódíoxól-5-ýl)própan-2-ón | 2932 92 00 | 4676-39-5 |
| Píperónal | | 2932 93 00 | 120-57-0 |
| Safról | | 2932 94 00 | 94-59-7 |
| Efedrín | | 2939 41 00 | 299-42-3 |
| Sýndarefedrín | | 2939 42 00 | 90-82-4 |
| Norefedrín | | úr 2939 49 00 | 14838-15-4 |
| Ergómetrín | | 2939 61 00 | 60-79-7 |
| Ergótamín | | 2939 62 00 | 113-15-5 |
| Lýsergsýra | | 2939 63 00 | 82-58-6 |

Formbrigði efnanna í þessum flokki, að undanskildu katíní ⁽³⁾, þegar möguleiki er á slíkum formum.

Sölt efnanna í þessum flokki þegar möguleiki er á slíkum söltum, að undanskildum söltum katíns.

2. FLOKKUR

| Efni | SAT-heiti (ef það er annað) | SAT-númer ⁽¹⁾ | CAS-númer ⁽²⁾ |
|-------------------|--------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Edíksýruanhýdríð | | 2915 24 00 | 108-24-7 |
| Fenýledíksýra | | 2916 34 00 | 103-82-2 |
| Antranílsýra | | 2922 43 00 | 118-92-3 |
| Píperídín | | 2933 32 00 | 110-89-4 |
| Kalíumpermanganat | | 2841 61 00 | 7722-64-7 |

Sölt efnanna í þessum flokki þegar möguleiki er á slíkum söltum.

3. FLOKKUR

| Efni | SAT-heiti (ef það er annað) | SAT-númer ⁽¹⁾ | CAS-númer ⁽²⁾ |
|------------------|--------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Saltsýra | | 2806 10 00 | 7647-01-0 |
| Brennisteinssýra | | 2807 00 10 | 7664-93-9 |
| Tólúen | | 2902 30 00 | 108-88-3 |
| Etýletri | Dítýletri | 2909 11 00 | 60-29-7 |
| Aseton | | 2914 11 00 | 67-64-1 |
| Metýletýlketón | Bútanón | 2914 12 00 | 78-93-3 |

Sölt efnanna í þessum flokki þegar möguleiki er á slíkum söltum, að undanskildum söltum saltsýru og brennisteinssýru.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 290, 28.10.2002, bls. 1.

⁽²⁾ CAS-númer er „Chemical Abstracts Service Registry Number“, sem er sérstakt tölulegt kennimerki sem gildir fyrir hvert einstakt efni og formgerð þess. CAS-númer er einstakt fyrir hvert myndbrigði og hvert salt myndbrigðisins. Bent er á að CAS-númer salta efnanna hér að framan eru önnur en þau sem tilgreind eru.

⁽³⁾ Einnig nefnt (+)-norsýndarefedrín, SAT-númer 2939 43 00, CAS-númer 492-39-7.

II. VIÐAUKI

| Efni | Viðmiðunarmörk |
|------------------------------|---------------------|
| Ediksýruanhýdríð | 100 l |
| Kalíumpermanganat | 100 kg |
| Antranílsýra og sölt hennar | 1 kg |
| Fenýledíksýra og sölt hennar | 1 kg |
| Piperídín og sölt þess | 0,5 kg ¹ |